

son segja hafa verið á slysstaðnum. Þá ber og að yfirheyra Eyjólf Runólfsson, föður drengsins, sem fyrir slysinu varð, og spyrja hann, hvort hann geti upplýst málið. Ennfremur skal leita vitneskju um, hvort nokkurt fólk í nærliggjandi húsum hafi verið sjónarvottar að slysinu og aðdraganda þess. Yfirheyra ber svo alla þá, er ætla má að geti upplýst um atvik, er máli skipta.

Að öðru leyti ber rannsóknardómaranum að útvega þær frekari skýrslur og upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að afla framangreindra skýrslna og upplýsinga svo fljótt sem verða má.

Föstudaginn 23. október 1936.

Nr. 38/1936. Réttvísing og valdstjórnin
(Lárus Jóhannesson)
gegn

Vilhelm Jakobssyni (Jón Ásbjörnsson)
Rannver Björgvin Bjarnasyni, Ólafi
Hjálmar Bjarnasyni, Hinrik Sigurði
Jóhannessyni, Sveini Magnússyni,
Sigurjóni Ingvarssyni, Berg Valdi-
mar Andréssyni, Stefáni Halldóri
Bergþórssyni og Ara Magnúsi Sig-
urberg Bergþórssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn 101. og 205. gr. hegningarlaganna, gegn
áfengislögnum og ýmsum greinum lögreglusam-

þykktar Neskaupstaðar nr. 103 frá 1930. Lögreglu-
maður sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 13.
kap. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Neskaupstaðar 17. ágúst 1935: Á-
kærði Vilhelm Jakobsson greiði innan 4 vikna frá birt-
ingu dóms þessa 100 kr. sekt í bæjarsjóð Neskaupstaðar,
en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi.

Ákærði Rannver Björgvin Bjarnason greiði innan 4
vikna frá birtingu dóms þessa 100 kr. sekt í rikissjóð, en
sæti ella 10 daga einföldu fangelsi.

Ákærðu Ólafur Hjálmar Bjarnason og Hinrik Sig-
urður Jóhannesson sæti, hvor um sig, 20 daga fangelsi við
venjulegt fangaviðurværi.

Ákærðu Sveinn Magnússon, Sigurjón Ingvarsson og
Berg Valdimar Andrésson sæti, hver um sig, 15 daga fang-
elsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsing-
anna skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá dóms-
uppsögn, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði Ari Magnús Sigurberg Bergþórsson sæti 12
daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu
refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár
frá dómsuppsögn, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907
eru haldin.

Ofan nefndir ákærðu greiði allan kostnað af málinu,
einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Ákærði Stefán Halldór Bergþórsson sé sýkn af ákær-
um réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

1. Ákærði Vilhelm Jakobsson.

1. Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var á-
kærði löggæzlumaður á Austfjörðum, þegar þeir at-
burðir gerðust, sem honum eru gefnir að sök í
þessu máli. Bar honum, eftir nánari fyrirmælum
lögreglustjóranna, að hafa á hendi lögreglustarf
yfirleitt og m. a. að hafa strangt eftirlit með því,
að áfengislöggjöfin væri ekki brotin, svo sem tekið

er fram í erindisbréfi hans frá 26. marz 1934. Nóttina milli 1. og 2. des. 1934 hafði honum, ásamt lögregluþjónum Jóni Baldvinssyni, verið falið af lögreglustjóra Neskaupstaðar að halda uppi reglu á dansskemmtun, er haldin var í barnaskólahúsi kaupstaðarins, og mætti hann til þess starfs í einkennisbúningi. Svo sem nánar er lýst í dómi undirréttarins kom ákærði Rannver Björgvin Bjarnason á skemmtun þessa og krafðist inngöngu í dans- og veitingasalinn, en ákærði Vilhelm neitaði honum um aðgang. Í málinu er upplýst með framburðum vitna, að ákærði Rannver Björgvin var ölvaður, er hann kom á skemmtunina, og þar eð refsing lá við því samkvæmt þágildandi áfengislögum, nr. 64/1930, 16. gr. sbr. 36. gr., að vera ölvaður á opinberum samkomum, verður ekki talið, að ákærði Vilhelm hafi gert annað en að gegna skyldu sinni, er hann meinaði ákærða Rannver Björgvin inngöngu í danssalinn.

Í sambandi við orðaskipti hinna ákærðu Vilhelms og Rannvers Björgvins út af því, að hinum síðarnefnda var meinuð innganga, er það upplýst, að ákærði Vilhelm tók fram kylfu sína. Hinsvegar verður að fallast á það álit undirréttardómarans, að varhugavert sé, gegn eindreginni neitun ákærða, og eins og þar að lútandi vitnisburðum er háttað, að telja það sannað, að hann hafi visvitandi barið ákærða Rannver Björgvin með kylfunni, því að ekki er útilokað, að kylfan hafi lent á honum, er hann réðist á ákærða Vilhelm, en það virðist hafa gerzt í sömu svífum og hinn síðarnefndi dró fram kylfuna. Verður ákærði þannig ekki talinn hafa gerzt sekur eftir 13. kap. hegningarlaganna í sambandi við þau atvik, er nú var frá greint.

2. Í hinum áfrýjaða dómi er lýst þeirri hraklegu meðferð, er ákærði Vilhelm varð fyrir, er margir menn réðust á hann samtímis, börðu hann mörgum höggum, báru hann út úr húsinu og vörpuðu honum niður af steinpalli, yfir grindverk, um 2,46 metra hæð, niður á frosna og grýtta jörð. Hlaut hann þó minni meiðsl en við mátti búast. Er hann stóð upp aftur, var honum ógnað af mannfjöldanum, er eftir honum sótti, og hótað því, að hann skyldi hýddur, settur í poka, grýttur og jafnvel drepinn. Skaut ákærði þá á eftir, að því er virðist, 5 skotum, og hlutust af þeim skotsár þau, er hann í þessu máli er ákærður fyrir að hafa valdið. Ákærði hefir haldið því fram, að hann hafi skotið eingöngu í því skyni að hræða mannfjöldann frá, er að honum sótti, að hann hafi skotið 3 skotum og ávalt miðað niður í jörðina fyrir fætur mannfjöldanum. Á það má fallast, að ákærða hafi verið heimilt að beita slíkri nauðvörn eins og á stóð, þar eð hann var einn síns liðs gegn mörgum aðsækjendum, sem hann gat vænzt misþyrmingar af, bæði vegna þess, sem á undan var gengið, og hótana þeirra, er í frammi voru hafðar. En ekki verður talið, að þörf hafi verið á að skjóta eins mörgum skotum í þessu skyni og upplýst er að ákærði gerði, auk þess sem skotsár þau, er af hlutust, sýna nægilega, að ákærði hefir ekki gætt ýtrustu varkárni við beitingu svo hættulegs varnartækis sem skotvopn er, þótt tilætlun hans hafi ekki verið önnur en sú að hræða mannfjöldann og stöðva á þann hátt aðsókn hans. Ákærði hefir þannig að visu farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, en með því að orsökina til þess má telja hina miklu geðshræringu og æsingu, sem hann hefir komizt í

vegna hinna stórfelldu og ólögmætu árása, sem hann hafði orðið fyrir, og hótana þeirra og ókvæðisorða, sem mannfjöldinn hafði í frammi við hann, þá verður honum ekki gefið það að sök, sbr. 41. gr., 2. mgr., 1. málslíð hinna alm. hegningarlaga. Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna ákærða af ákærum réttvísinnar í þessu máli fyrir brot á ákvæðum hinna alm. hegningarlaga.

3. Ákærði Vilhelm hefir, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, með því að bera á sér hlaðið skotvopn, gerzt sekur um brot á ákvæðum 15. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar, nr. 103/1930. Þykir refsing hans fyrir það samkv. 83. gr. lögreglusamþykktarinnar hæfilega ákveðin 20 króna sekt, er renni í bæjarsjóð Neskaupstaðar, og komi í stað sektarinnar 2 daga einfalt fangelsi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Að því er snertir kröfu þá, er Svavar Viglundsson hefir gert á hendur ákærða Vilhelm, þá ber þegar af þeirri ástæðu, að ekki er nægilega upplýst um tjónið, að vísa henni frá dómi.

II. Aðrir ákærðir.

Ekki verður það talið sannað í málinu, að hinir ákærðu, sem ofbeldið höfðu í frammi við löggæzlumennina á framangreindri dansskemmtun, hafi bundizt um það samtökum fyrirfram, sbr. 55. gr. hegningarlaganna, né framið brot sitt með þeim hætti, er um ræðir í 104. gr. hegningarlaganna, og verða þeir því ekki dæmdir fyrir brot á ákvæðum síðarnefndrar greinar.

Eins og um getur í I., hér að framan, hafði ákærði Vilhelm fulla heimild til þess að meina ákærða Rannver Björgvin aðgang að dans- og veitinga-

salnum, og ekki er sannað, að Rannver hafi hlotið kyلفuhögg að vilja löggæzlumannsins, en það eitt, að löggæzlumaðurinn tók fram kyلفu sína, gat ekki að neinu leyti réttlætt árás þá, sem hann varð fyrir. Það verður því ekki talið hinum ákærðu til málsbóta eftir 103. gr. hegningarlaganna, að löggæzlumaðurinn hafi með röngu atferli gefið tilefni til þess, sem gert var.

Um sök hinna ákærðu, hvers um sig, skal eftirfarandi tekið fram:

1. Ákærði Rannver Björgvin Bjarnason. Hann var áberandi ölvaður, er hann kom á skemmtisamkomuna eins og fyrr er frá skýrt, og með framkomu sinni þar varð hann valdur að óspektum þeim, sem þar urðu. Svo er það og sannað, að hann beitti löggæzlumanninn, ákærða Vilhelm, líkamlegu ofbeldi við umrætt tækifæri. Þessi brot hans varða við 101. gr. alm. hegningarlaga, 16. sbr. 36. gr. áfengislaga nr. 64/1930, sbr. nú 18. og 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935, svo og 65. sbr. 83 gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar nr. 103/1930. Þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 35 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

2.—3. Ákærðu Ólafur Hjálmar Bjarnason og Hinrik Sigurður Jóhannesson. Brot þeirra, sem lýst er í dómi undirréttarins, varða við 101. og 205. gr. alm. hegningarlaga og 65. sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar. Þykir refsing þeirra hvors um sig, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

4.—6. Ákærðu Sveinn Magnússon, Sigurjón Ingvarsson og Berg Valdimar Andr sson. Brot þeirra,

sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varða við 101. og 205. gr. alm. hegningarlaga og 65. sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar. Þykir refsing þeirra, hvers um sig, með hliðsjón af 63. gr. alm. hegningarlaga, hæfilega ákveðin 35 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

7. Ákærði Stefán Halldór Bergþórsson. Af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega sýkna hann af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

8. Ákærði Ari Magnús Sigurberg Bergþórsson. Brot hans, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 101. gr. alm. hegningarlaga og 65. sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar. Ákveðst refsing hans, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingar hans skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá dómsuppsögn, ef skil-orð laga nr. 39/1907 eru haldin.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum ber ákærða Vilhelm Jakobssyni að greiða skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanni Jóni Ásbjörnssyni, málaflutningslaun, er þykja hæfilega ákveðin 200 krónur.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, er ákveðast 350 kr., og skipaðs verjanda hinna ákærðu annarra en Vilhelms Jakobssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, er ákveðast 200 kr., greiði hinir ákærðu Rannver Björgvin, Ólafur Hjálmar, Hinrik Sigurður, Sveinn, Sigurjón, Berg Valdimar og Ari Magnús Sigurberg in solidum.

Það athugast, að hinn reglulegi héraðsdómari hefir með úrskurði vikið sæti í málinu, án þess að ástæður þær, sem tilfærðar eru í úrskurðinum, réttlæti það nægilega.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Stefán Halldór Bergþórsson á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í þessu máli.

Ákærði Vilhelm Jakobsson greiði 20 króna sekt til bæjarsjóðs Neskaupstaðar, og komi 2 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Kröfu Svavars Vígundssonar á hendur honum vísast frá dómi.

Ákærðu Ólafur Hjálmar Bjarnason og Hinrik Sigurður Jóhannesson sæti, hvor um sig, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærðu Rannver Björgvin Bjarnason, Sveinn Magnússon, Sigurjón Ingvarsson og Berg Valdimar Andrésson sæti, hver um sig, 35 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði Ari Magnús Sigurberg Bergþórsson sæti 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingar hans skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákærði Vilhelm Jakobsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, hæstaréttar-

málflutningsmanni Jóni Ásbjörnssyni, málflutningslaun með kr. 200.00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00, og skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, kr. 200.00, greiði hinir ákærðu Rannver Björgvin Bjarnason, Ólafur Hjálmar Bjarnason, Hinrik Sigurður Jóhannesson, Sveinn Magnússon, Sigurjón Ingvarsson, Berg Valdimar Andrússon og Ari Magnús Sigurberg Bergþórsson in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinni og valdstjórninni, eftir fyrirskipun dómsmálaráðuneytisins, gegn Vilhelm Jakobssyni, fyrv. löggæzlumanni, nú til heimilis í Reykjavík, fyrir brot gegn 13. og 18. kap. hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Neskaupstaðar, Rannver Björgvin Bjarnasyni og Ólafi Hjálmar Bjarnasyni, báðum til heimilis í Neskaupstað, fyrir brot gegn 12. og 18. kap. hegningarlaganna, áfengislöggjöfinni og lögreglusamþykkt Neskaupstaðar, Hinriki Sigurði Jóhannessyni, Sveini Magnússyni, Sigurjóni Ingvarssyni, Berg Valdimar Andrússyni, Stefáni Halldóri Bergþórssyni og Ara Magnúsi Sigurberg Bergþórssyni, öllum til heimilis í Neskaupstað, fyrir brot gegn 12. og 18. kap. hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Neskaupstaðar. Með úrskurði 18. des. f. á. vék hinn reglulegi dómari, bæjarfógeti Kristinn Ólafsson, sæti í

málinu, og var þá undirritaður settur til að halda rannsókn áfram og dæma í því.

1. Ákærði Vilhelm Jakobsson var settur löggæzlumaður á Austfjörðum 26. marz 1934, og er í setningarbréfi hans meðal annars mælt svo fyrir, að hann skuli hafa á hendi lögreglustarf yfirleitt undir yfirstjórn lögreglustjóranna. Hann var á ferð í Neskaupst. 1. des. f. á., er bæjarfógetinn þar bað hann að hafa á hendi lögreglueftirlit í forföllum sínum á samkomu, sem halda átti í barnaskólahúsi kaupstaðarins þá um kvöldið. Mætti hann samkv. því á samkomunni og var klæddur einkennisbúningi. Með því að ákærði var ókunnugur almenningi á staðnum, mun hann hafa spurt um það fyrir samkomuna, hverjir líklegir væru til að valda þar óspektum, og kveðst hann þá sérstaklega hafa verið varaður við bræðrunum Rannver og Ólafi Bjarnasonum, ákærðum í málinu. Eftir miðnætti var ákærði staddur á neðra gangi hússins, og kom þá inn maður, greiddi aðgöngueyrir við útidyr og gekk upp á loft. Þóttist ákærði mega ráða af gangi mannsins, að hann væri ölvaður, og spurði dreng, er hjá honum stóð, hver hann væri. Og var þá nefndur Rannver Bjarnason. Ákærði fór þá upp á loft og nam staðar við dyrnar á salnum, þar sem veitt var og dansað, en Rannver hafði gengið inn í herbergi til hliðar við salinn, þar sem veitingar voru undirbúnar. Litlu síðar gékk hann að dyrunum, sem ákærði stóð við og ætlaði inn í salina. En ákærði, sem gert hafði lögregluþjóni, Jóni Baldvinssyni, orð inn í salina að vera nærstaddur, ef hann þyrfti aðstoðar, bannaði honum að fara inn. Rannver nam staðar og spurði um ástæðu, en ákærður endurtók bannið. Og er Rannver stóð kyrr, sveiflaði ákærði lögreglukylfunni, sem hann bar framan á á vinstri öxl, fram úr barminum. Segir ákærði, að í sama bili hafi verið gripið undir hendur sér aftan frá og hann hafinn á loft, en tveir menn ráðist framan að sér og annar þeirra náð kylfunni. Síðan hafi hann verið tekinn, borinn niður stigann og út og látinn falla fram af handriði við útidyr hússins. Kveðst hann hafa gripið hendi í riðið, og kom standandi til jarðar. Í viðureign þessari varð ákærði fyrir meiðslum, og vottar héraðslæknir, sem skoðaði þau þá um nóttina, að á höfði hans hafi verið kúlur og nokkrir áverkar á höndum og hné. Ákærði kveðst þeg-

ar eftir fallið hafa gengið upp á götuna og eftir henni austur með hlið hússins, og hafi mannfjöldi komið á eftir með ópum og ógnunum. Þá kveðst hann hafa tekið skammbyssu úr vasa sínum, aðvarað fólkið og skotið einu skoti fyrir fætur þess. Hafi það þá hörfað frá, en hann gengið niður fyrir götubrúnina og lýst með vasaljósi eftir húfu sinni fram undan handriðinu. Fólkið hafi þá snúið við vestur götuna á eftir sér æpandi, og hann þá skotið þeim tveimur skotum, sem eftir voru í byssunni, fyrir fætur þess. Síðan fór hann heim til bæjarfógeta, sem kom þegar með honum á samkomuna. Var þá að mestu leyti kyrrð á komin, og lét bæjarfógeti ákærða og lögregluþjón kaupstaðarins, sem hafði verið sleginn í höfuð og særzt af högginu, fara heim, en tók sjálfur við lögregluæftirliti á samkomunni, sem úr því fór vel fram.

Talið er, að þessir áverkar hafi hlotizt af skotum frá ákærða: Sigurjón Ingvarsson, ákærður í málinu, hrufлаðist utan á augabrún, og kennir hann það skoti. Ákærði Berg Andrésson fékk skot gegnum hægri lærvöðva ofarlega. Gunnar Guðjónsson særðist grunnum sárum á tveimur fingrum. Svavar Viglundsson fékk skot í handarbak vinstri handar og gegnum hendina. Var enn bólga í hendinni, er læknir skoðaði hana í júní þ. á.

Dimmt var af nótt, meðan viðureignin stóð yfir úti, og kveðst einn hinna særðu manna varla hafa séð ákærða í 4—6 metra fjarlægð, svo hann þekkti hann. Um staðhátta tekur setudómarinn þetta fram, eftir eigin athugun: Ljós var ekki í forstofu hússins né úti. Þegar út úr kemur dyrunum, sem eru á vesturstafni skólahússins, tekur við steyptur pallur, sem nær að götu sem liggur meðfram norðurhlið þess, og er vegarbrúnin 30 cm. hærri en pallurinn. Handrið er á pallbrúninni fram undan dyrunum, 83 cm. á hæð, en hæð pallsins, mæld undan miðjum dyrum, er 163 cm. Vestan við pallinn er autt svæði, sem að vestan takmarkast af virgirðingu og að norðan af götubrúninni, sem er þar 76 cm. há. Vegna þess, að húsið er byggt í brekku, hallar svæði þessu frá götunni. Lengd pallsins að syðra dyrastaf er 555 cm.

Ákærði hefir við rannsókn málsins haldið fast við það, að hann hafi skotið þremur skotum, en vitnaframburðir benda til þess, að hann hafi skotið fimm skotum, þremur

neðan við götuna og tveimur á götunni. Byssuna segist hann hafa keypt fyrir nokkrum árum af nafngreindum manni í Reykjavík, og hefir hann kannast við að hafa selt ákærða fimmhleypa byssu. Byssunni kveðst ákærði hafa fleygt í sjóinn daginn eftir samkomuna og segist aðeins hafa borið hana á sér, er hann bjóst við óspektum. Ákærði hefir haldið fast við það, að hann hafi beint skotunum til jarðar framan við fætur fólksins, og kemur það heim við vitnaframburði í málinu. Berg stóð í brekkunni milli ákærða og götubrúnar, er hann særðist, og gat því særzt af skoti, sem miðað var fyrir fætur þeim, sem uppi á götunni stóðu. Gunnar Guðjónsson stóð á norðurbrún götunnar, og gat því einnig særzt af skoti, sem kom frá brekkunni og hljóp yfir syðri götubrún. Svavar stóð á götunni upp af girðingunni, sá mann á norðurbrún götunnar, sem hann áleit vera ákærða, en kveðst þó ekki hafa getað greint fyrir myrkri, hvort var hann. Heyrði hann þá skot og fann til dofa í hendinni. Blossa af skotinu sá hann ekki, og þar sem hann sá ekki ákærða á götunni, gat það komið neðan úr brekkunni. En Sigurjón Ingvarsson, sem segist hafa snúið baki að ákærða, er hann fékk skeinu á augabrún, gat ekki særzt þannig, nema hátt væri miðað. En það kemur ekki heim við það, sem upplýst er samkv. ofanrituðu, og verður því eigi talið sannað, að hann hafi særzt af skoti frá ákærða. Að visu hefir hann viljað telja áverkana stafa af afturkasti kúlnanna frá frosinni götunni eða frá steinum. Verður ekki fallizt á þá skýringu ákærða, heldur þykir sennilegt, að myrkur, fát ákærða og ókunnu-ugleiki hans á staðháttum, svo og hreyfingar fólksins að og frá komi hér til greina.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað hefir borið það í málinu, að ákaflega oft hafi óspektir átt sér stað á samkomum þar í kaupstaðnum og oftast valdi þeim sömu mennirnir. Þetta mun hafa verið ákærða kunnugt, og er við þá vitneskju bættust aðvaranir gegn Rannver, sem hann þekkti ekki, en þóttist sjá vín á honum, er hann kom inn í skólahúsið, má ætla, að það hafi haft áhrif á framkomu hans. Rannver hefir viðurkennt að hafa verið litilsháttar ölvaður, en kveðst ekki hafa haft í frammi neinn óróa, hávaða eða drykkjulæti. Af 12 vitnum, sem yfirheyrð hafa verið um þetta, sá eitt ekki vín á honum, tíu bera í samræmi við

framburð hans sjálfs og eitt segir hann hafa verið töluvert ölvaðan. Með tilliti til þessa og að hann hagaði sér vel á samkomunni eftir viðskipti þeirra ákærða við dyrnar, þykir ákærði ekki hafa haft næga ástæðu til að hefta för hans inn í salinn og með því gefið nokkurt tilefni til óspekta þeirra, sem af hlutust. Rannver hefir haldið því fram, að ákærði hafi barið sig í höfuðið með kylfunni, en því hefir hann mótmælt. Framburður vitna, sem óvilhöll mega teljast, um þetta er á reiki, en þau segjast hafa séð kylfuna á lofti, sem getur samrímzt því, að ákærði segist hafa sveiflað henni upp úr barmi sínum. Það er og ósennilegt, að ákærði hafi slegið Rannver í höfuðið, er ekki var um öflugri mótspyrnu að ræða, heldur aðeins fyrirspurn um, hversvegna hann fengi ekki að fara inn. Og þar sem ekki er upplýst, að merki eftir högg hafi sézt á höfði Rannvers, verður ekki talið sannað, að ákærði hafi beitt höggum eða barsmiði í afskiptum sínum af honum, en hann hefir ekki sýnt þá lipurð og lægni, sem honum bar samkv. stöðu sinni.

Ákærði hefir haldið því fram, að hann hafi skotið úr byssunni, er mannfjöldinn ógnaði og æpti að honum úti, til að afstýra nýrri árás og komast burt. Um þetta bera vitni, jafnvel sumir þeirra, er veittust að ákærða upp á ganginum, að úti hafi verið mikil óp, hávaði og skrillslæti, og hafi meðal annars verið hrópað: „Drepið hann, grýtið hann, hýðið hann, pokið hann“ og Norðfirðingar hvattir til að verða ekki eftirbátar Vestfirðinga og annarra um illa meðferð á honum. Og eitt vitni segir, að sér hafi ekki blandast hugur um, að ákærði ætti þarna líf sitt að verja. Og er tillit er tekið til þess, að hann hafi sætt ósæmilegri og illri meðferð, skipanir hans að engu hafðar og hann orðið fyrir meiðslum, verður að fallast á, að skotin hafi, eins og byssunni var miðað verið lögregleyðarvörn af hans hálfu. En lögreglu hér á landi mun ekki vera heimilt að bera og nota byssu. Það er og bannað í lögreglusamþykkt Neskaupstaðar að bera hlaðnar byssur á almannafæri og nota þær án leyfis lögreglustjóra. Og þar sem ákærði ákvað að bera á sér byssu á samkomunni og nota hana, ef hann teldi þörf, bar honum að fá til þess leyfi lögreglustjóra.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir

31. jan. 1920 undirgengizt 75 kr. sektargreiðslu í lögreglu-rétti Reykjavíkur fyrir ölvun og barsmið og 26. marz 1930 var hann sektaður um 5 kr. af sama rétti fyrir bjölluleysi á reiðhjóli. Verður samkvæmt framanrituðu að sýkna hann af ákæru réttvisinnar fyrir brot á 13. og 18. kap. hegningarlaganna, en dæma hann í sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930, 15. gr., og viðauka við hana, nr. 32, 19. marz 1934, og á-kveðst sektin kr. 100.00, er renni í bæjarsjóð Neskaup-staðar, og komi í stað sektarinnar 10 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Svo greiði hann og málskostnað.

Svavar Viglundsson, sem særðist í hendi af skoti frá ákærða, hefir gert þá kröfu, að hann verði í þessu máli dæmdur til að greiða sér kr. 696.00 í skaðabætur. Hefir ákærði mótmælt kröfunni af ýmsum ástæðum. Og þar sem um neyðarvörn var að ræða af hálfu ákærða, kemur krafa þessi ekki til greina í málinu.

2. Ákærði Rannver Björgvin Bjarnason hefir viður-kennt að hafa drukkið um daginn, áður en hann kom á samkomuna, með nafngreindum manni 2 heilflöskur af portvíni og verið litilsháttar ölvaður, en kveðst ekki hafa haft í frammi neinn óróa, hávaða eða drykkjulæti. Einn-ig hefir hann viðurkennt að hafa tekið ákærða Vilhelm Jakobsson og lagt hann á gólfið, er honum var bönnuð innganga í salinn. Er skiptum þeirra lýst nokkuð undir 1. að framan. Verður að telja þessa frásögn ákærða í sam-ræmi við framburð vitna. Kveðst ákærði fyrst hafa ráð-izt á löggæzlumanninn, er hann sló hann höfuðhögg með kylfunni. Það er að visu eigi sannað, að löggæzlumaður-inn hafi slegið hann, því vitnum ber ekki saman um það, en telja verður það málsbót fyrir ákærða, að framkoma löggæzlumannsins gagnvart honum var ekki sem vera bar og hann gat búizt við kylfuhöggi, er löggæzlumaðurinn tók hana upp. Ekki er upplýst, að ákærði hafi tekið ann-an þátt í óspektunum.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefir sætt sektum í lögreglurétti Neskaupstaðar 20. jan. 1929 50 krónur og 6. júní 1930 100 krónur, bæði skiptin fyrir ölvun, og 5. febr. 1930 undirgekkst hann í lögreglurétti Reykjavíkur 50 kr. sektargreiðslu fyrir ölvun á almanna-

færi. Brot hans samkv. framanrituðu varðar við 101., sbr. 103. gr. hegningarlaganna, 16., sbr. 36. gr. áfengislaganna, nr. 64, 19. maí 1930 og 65., sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930. Og ákveðst refsing in fyrir þau, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, 100 kr. sekt, er renni í rikissjóð, og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Svo greiði hann og málskostnað.

3. Ákærði Ólafur Hjálmar Bjarnason hefir viðurkennt að hafa slegið lögregluþjóninn í Neskaupstað, Jón Baldvinsson, hnefahögg í kjálkann, er hann kom innan úr sölunum fram á ganginn löggæzlumanninum til aðstoðar í viðureign við árásarmenn. Styðst framburður hans við önnur gögn í málinu. Við höggið féll Jón í óvit, en raknaði brátt við; skeindist hann lítið eitt og kom allmikil bólga í kjálkann. Hefir ákærði haldið því fram, að hann hafi slegið lögregluþjóninn til að afstýra því, að hann berði Rannver bróður sinn með kylfunni. En það má telja upplýst, að lögregluþjóninn snerist gegn Hinriki Sigurði Jóhannessyni, ákærðum í málinu, en ekki gegn Rannver, og lögregluþjóninn hefir mótmælt því, að hann hafi haft kylfuna í höndum, enda var hún í vasa hans, er hann raknaði við. Þó gat ákærða virzt lögregluþjóninn ætla að snúast gegn Rannver, sem hann segist hafa álitnið gert rangt til af löggæzlumanninum. Og verður nokkurt tillit til þess tekið, er refsing hans verður ákveðin. Ákærði hefir eindregið neitað því að hafa verið ölvaður á samkomunni, og hefir eigi nægilega sannazt, að svo hafi verið. Það er og ekki upplýst, að hann hafi tekið frekari þátt í óspektunum eða öðrum fremur, sem ekki hafa komizt undir ákæru í máli þessu.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefir 1. febr., 1. júlí og 19. nóv. 1930 undirgengizt að greiða sekt, 50 kr. í hvert skipti, í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir ölvun á almannaþæri, og 11. júní 1934 hefir hann sætt 80 kr. sekt í lögreglurétti Neskaupstaðar fyrir ölvun og ósjektir. Ofangreint afbrot hans heyrir undir 101. og 205. gr. hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930, 65., sbr. 83. gr., og ákveðst refsing in 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, sbr. 63. gr. hegningarlaganna. Svo greiði hann og málskostnað.

Ákærði Hinrik Sigurður Jóhannesson hefir viðurkennt að hafa tekið báðum höndum um hægri hendi löggæzlumannsins, slegið hann tvö högg í höfuðið og hjálpað til að bera hann út. Styðst þetta við framburð vitna. Segist hann hafa tekið um hendi löggæzlumannsins til að afstýra því, að hann slægi Rannver með kylfunni, og barði hann, af því hann hafi sparkað í sig. Um sparkið er ekki neitt upplýst, en framkoma löggæzlumannsins gagnvart Rannver má teljast ákærða nokkur málsbót. Samkv. vottorði héraðslæknis, er skoðaði áverka á löggæzlumanninum eftir viðureignina um nóttina, voru kúlur á við og dreif á höfði hans, á sex fingrum voru flumbrur, sem dreyrði úr, og tvær flumbrur á öðru hnénu. Telja má víst, að löggæzlumaðurinn hefir orðið fyrir þessum áverkum í viðureigninni uppi á ganginum og á leiðinni út, og verður að telja ákærða þá til ábyrgðar.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefir 1. júlí 1930 undirgengizt 70 kr. sektargreiðslu í lögreglurétti Siglufjarðarkaupstaðar fyrir ölvun á almannafæri, 7. marz 1931 sætt 10 kr. sekt í lögreglurétti Neskaupstaðar fyrir óspektir, 8. maí 1933 undirgengizt 75 kr. sektargreiðslu í lögreglurétti Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir ölvun og óspektir á almannafæri og 20. nóv. 1933 sætt 50 kr. sekt í lögreglurétti Neskaupstaðar fyrir ölvun og óspektir. Ofangreint afbrot hans varðar við 101. gr., sbr. 103. og 205. gr. hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930, 65., sbr. 83. gr., og ákveðst refsingin, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann og málskostnað.

5. Ákærði Sveinn Magnússon hefir viðurkennt að hafa borið, ásamt fleirum, löggæzlumanninn út, og kemur það heim við önnur gögn í málinu. Kveðst ákærði ekki hafa vitað, að löggæzlumaðurinn hefði lögreglu eftirlit á samkomunni, en vitað, hver maðurinn var og hann gætti áfengislaganna. Kemur þessi afsökun hans ekki til greina og telja verður honum til saka áverka þá, sem löggæzlumaðurinn varð fyrir á leiðinni út. En framkoma löggæzlumannsins gagnvart Rannver telst honum nokkur málsbót.

Ákærði, sem er fæddur 19. júlí 1904, og hefir ekki áð-

ur sætt ákæru eða verið refsað, hefir með ofangreindu atferli brotið gegn 101., sbr. 103. og 205. gr. hegningarlaganna og 65., sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930, og ákveðst refing hans, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, 15 daga fengelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður, er 5 ár eru liðin frá dómsuppsögn, ef skilorð laga, nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin. Svo greiði hann og málskostnað.

6. Ákærði Sigurjón Ingvarsson hefir viðurkennt að hafa hjálpað til að bera löggæzlumanninn út, og kemur það heim við önnur gögn í málinu. En hann kveðst ekki hafa vitað fyrr en niður kom og hann heyrði það á tali manna, að þetta væri löggæzlumaðurinn. Ekki verður þó tekið tillit til þessa, þar sem löggæzlumaðurinn var í ein-kennisbúningi og ákærði hefir viðurkennt að hafa kallað til hans niður af pallinum við útidyrnar, að hann færi ekki inn aftur. Síðan gekk ákærði upp á götuna og kveðst hann hafa særzt þar á augabrún af skoti frá löggæzlumanninum. Hvarf hann þá inn í skólahúsið og tók ekki þátt í óspektum úti. Telja verður ákærða til ábyrgðar áverka þá, sem löggæzlumaðurinn hlaut á leiðinni út, en til málsbóta framkomu löggæzlumannsins gagnvart Rannver.

Ákærði, sem er fæddur 30. nóv. 1909, hefir 21. sept. 1929 sætt 50 kr. sekt í lögreglurétti Neskaupstaðar og 6. ágúst 1930 100 kr. sekt í sama rétti fyrir ölvun á almanna-færi. Ofangreint brot ákærða heyrir undir 101., sbr. 103. og 205. gr. hegningarlaganna og 65., sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930, og ákveðst refsingin, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En þar sem nokkuð langt er liðið síðan ákærði sætti ofangreindum sektum, þykja þær ekki vera því til fyrirstöðu, að hann sé nú dæmdur skilorðsbundið. Og skal því fullnustu refsingarinnar frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá dómsuppsögn, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin. Svo greiði kærði og málskostnað.

7. Ákærði Berg Valdimar Andrússon hefir kannast við að hafa hjálpað til að bera löggæzlumanninn niður stigann og út og láta hann út fyrir handriðið. Þessi játning

hans kemur heim við önnur gögn í málinu. Síðan kveðst hann hafa borið með fólksstraumnum upp á götuna og niður fyrir götubrúnina, en þar fékk hann skot gegnum lærið og tók ekki frekara þátt í óspektunum. Telja verður ákærða til saka áverka þá, sem löggæzlumaðurinn fékk, er hann var borinn út úr húsinu, en til málsbóta, að löggæzlumaðurinn gaf nokkurt tilefni til óspektanna.

Ákærði, sem er fæddur 21. sept. 1909 og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu, hefir með ofangreindu atferli brotið gegn 101., sbr. 103. og 205. gr. hegningarlaganna og 65., sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930, og ákveðst refsing hans 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, sbr. 63. gr. hegningarlaganna. En fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður, er 5 ár eru liðin frá dómsuppsógn, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin. Svo greiði kærði og málskostnað.

8. Ákærði Stefán Halldór Bergþórsson. Eitt vitni hefir borið, að hann hafi verið með áreitni við löggæzlumanninn á samkomunni og það hafi séð hann berja löggæzlumanninn í viðureigninni uppi á ganginum. Ennfremur minnir sama vitni, að það hefi tekið við húfu löggæzlumannsins af ákærða og fleirum, sem héldu á henni og voru að tala um að rífa hana. Vitnið hefir ekki tilgreint í hverju áreitni sú var fólgin, og við síðari yfirheyslu kvaðst það ekki muna, hvort það hefði séð ákærða berja löggæzlumanninn. Og hífuna gat löggæzlumaðurinn misst í ryskingunum án þess að ákærði væri valdur að. Ákærði hefir neitað eindregið framburði þessa vitnis, sem er mjög óákveðinn, og verður því eigi talið sannað, að ákærði hafi haft nokkur þau afskipti af löggæzlumanninum, er refsiverð geta talizt. Ber því að sýkna hann af ákærum og málskostnaðarkröfu í þessu máli.

9. Ákærði Ari Magnús Sigurberg Bergþórsson. Eitt vitni hefir borið, að það hafi séð ákærða togast við löggæzlumanninn um kylfuna uppi á ganginum og heyrt löggæzlumanninn segja: „Sleppið þér“. Annað vitni hefir borið, að það hafi séð ákærða með kylfuna í stiganum og heyrt hann þá segja: „Þetta tók ég af helvítinu“. Síðar segist sama vitni hafa spurt ákærða, hvað hann hefði gert við kylfuna, og hafi hann þá sagzt hafa fleygt henni upp

á túnið ofan við götuna. Lét bæjarfógeti leita þar um nóttina, en kylfan fannst ekki. En 3. des. færði ákærði bæjarfógeta kylfuna og kvaðst hafa fundið hana af tilviljun á túninu um nóttina. Ákærði hefir neitað að hafa haft önnur afskipti af kylfunni en hirða hana á túninu og færa bæjarfógeta hana, en það þykir þó mega telja sannað með ofangreindum framburðum, sem vitnin hafa staðfest með eiði, að ákærði hafi með ofbeldi svipt kylfunni úr höndum löggæzlumannsins, enda fannst um nóttina leðurhald af henni í stiganum, og löggæzlumaður hefir haldið því fram, að maður á hæð við ákærða hafi slitið hana af sér. Málsbót telst honum, að löggæzlumaðurinn gaf tilefni til óspektanna.

Ákærði er fæddur 9. sept. 1913 og hefir ekki áður sætt ákæru eða verið refsað. Afbrot hans varðar við 101., sbr. 103. gr. hegningarlaganna og 65., sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar, nr. 103, 28. okt. 1930, og ákveðst refsingin, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, 12 daga fengelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá dómsuppsögn, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin. Svo greiði hann og málskostnað.

Við rannsókn málsins hafa komið fram nokkrar líkur fyrir því, að fyrirfram hafi verið gerð samtök um að veitast að löggæzlumanninum eða lögreglunni í Neskaupstað á oftnefndri samkomu, en ekki hefir fyllilega sannazt, að svo hafi verið.

Á rannsókn málsins varð töluverður dráttur á siðastl. vetri, sem stafaði af því, að nokkrir hinna ákærðu voru fjarverandi til sjósókna fram undir mailok. En óþarfur dráttur hefir ekki orðið á málinu.